

## Inngangur

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn fái að njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“. Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barnanna.

## Læsi leikskólabarna

Með aukinni áherslu á læsi leikskólabarna og vinnu er því tengist, er farið að nota ný hugtök eins og leikskólalæsi, bernskulæsi eða byrjendalæsi. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar notast við hugtakið bernskulæsi í læsisstefnu sinni „*Lesið í leik – læsisstefna leikskóla*“ og er það einnig gert hér.

Í leikskóla er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám síðar meir og er hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsisþátta eins og hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar.

Fræðimenn eru ekki allir sammála um hvaða þættir hafa forspárgildi fyrir lestrarnám síðar meir. Rannsóknir hafa þó leitt í ljós að ákveðnir þættir, s.s. orðaforði, frásagnargeta, hlustunar – og lesskilningur, sjálfstjórn, hljóðkerfisvitund og bókstafaþekking skipta miklu máli í þróun læsis (Læsisstefna bls. 4).

Fagmennska leikskólakennarans byggir m.a. á þekkingu á þróun máls og læsis. Góð almenn málörvun í dagsins önn er mikilvægasta framlag leikskólans til að þróa læsi barna. Það þarf að tengja málörvun við allar athafnir og viðburði dagsins og huga að þeim þáttum sem hafa áhrif á þróun læsis skv. rannsóknum.

Leikurinn gegnir mikilvægu hlutverki í málörvun og lestrarnámi barna í leikskólastarfi. Rannsóknir sýna að leikur styður við þróun læsis, ekki síst ef leikskólaumhverfið er örvandi og góður aðgangur er að fjölbreyttu læsis- og ritmálsörvandi efnivið. (Roskos og Christine, 2001; Saracho, 2004).

Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna stuðlar leikskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu. Leikskólinn er í lykilstöðu til þess að finna og styðja sérstaklega við þau börn sem ljóst er að þurfa á stuðningi að halda.

## Okkar markmið

Tungumálið er mikilvægt tæki til boðskipta. Með tundumálinu tjáum við hugsanir, tilfinningar og fleira. Starfsfólk leikskólans leitast við að leggja góðan grunn í öllum samskiptum og vera börnunum góð málfyrirmynd. Orð eru lögð á athafnir, við nefnum heiti hluta og atburða sem koma fyrir í daglegum samskiptum við börnin.

## Hvað gerum við

- HLJÓM-2

Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem kannar færni tengda hljóðkerfis- og málmeðvitund. Höfundar Hljóm-2 eru Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur, Dr. Jóhanna Einarsdóttir, talmeinafræðingur og lektor og Dr. Amalía Björnsdóttir dósent í aðferðarfræði.

Hljóm-2 er byggt á rannsóknum sem stóðu yfir í 6 ár og sýna að mikið samband er að milli slakrar hljóð- og málvitundar og síðari lestrarfærni.

Skimunin er í leikjaformi orða og hljóða og byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árgang barna í leikskólanum í byrjun hauststarfs. Leikirnir sem lagðir eru fyrir tengjast; rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20 mínútur með hverju barni.

Niðurstöðurnar eru reiknaðar mjög nákvæmlega út frá aldri barnsins þegar verkefnið er lagt fyrir. Í janúarlok er Hljóm-2 lagt aftur fyrir þau börn sem komu út með slaka eða mjög slaka færni og hafa þá fengið markvissa málörvun í millitíðinni. Þessi svonefnda snemmtæka íhnutun miðar ekki síst að því að ná fyrr til barna sem hugsanlega muni eiga í lestrarerfiðleikum þegar þau koma í grunnskóla.

- Markviss málörvun – snemmtæk íhlutun

Boðið er upp á markvissa málörvun fyrir þau börn sem eru með slaka eða mjög slaka færni skv. niðurstöðum í Hljóm-2 skimun. Proskapjálfi sér um málörvunina og metur hann í samráði við foreldra hversu mikla þjálfun barnið þarf. Um er að ræða stuttar málörvunarstundir sem settar eru fram í leikjaformi og metið er út frá hverjum og einum einstaklingi fyrir sig hverjar megináherslurnar eru hverju sinni.

Leikskólinn hefur aðgang að og er í samstarfi við talmeinafræðing sem starfar hjá þjónustumiðstöðinni Miðgarði. Talmeinafræðingur kemur inn í leikskólann sé þess óskað til

## Lesið í leik – Læsisstefna leikskóla LFA

---

að skima og vinna með börnunum sem rétt eiga til. Þá er unnið í lotum og í samstarfi við þroskaþjálfara skólans.

- Sama ritmál allsstaðar

Ritmálið er haft sýnilegt og leitast er við að nota sama letur heilt yfir leikskólann. Með því erum við að skapa lestrarhvetjandi umhverfi.

- Samveru- og söngstundir

Í samverustundum eru ýmist lesnar bækur, sungið, farið með þulur og farið er í málörvandi leiki. Einnig er lögð áhersla á framsögn/frásögn þar sem börnin eru hvött til að tjá sig fyrir framan aðra og þar læra þau einnig að vera virkir hlustendur. Í söngstundum leggjum við áherslu á rímleiki, tóna og takt sem auka hæfni barnanna til að greina hljóð. Þar af leiðandi er málvitund barnanna eflid.

- TMT

Á öllum deildum leikskólans er lögð áhersla á Tákni með tali (TMT). TMT er tjáskiptaleið sem byggist á samblandi af táknum og tali, táknið er alltaf notuð samhliða tali og lykilorð hverrar setningar er táknað með. Börn sem hafa slakan málskilning eiga þar af leiðandi erfitt með að vinna úr töluðu máli. Orð eru huglæg og því getur reynst erfitt að skilja þau ein og sér. Með því að gera orðin myndræn og hlutbundin, stytta orðaflauminn og tala skýrt, er hægt að auðvelda börnum að skilja það sem sagt er við þau og brúa þannig bilið yfir í hið talaða mál. Það hefur sýnt sig hér í Korpukoti að TMT veitir öllum börnum góðan stuðning við málörvun auk þess sem börnunum þykja táknið skemmtileg.

- Elstu börnin

Undirbúningsnám fyrir næsta skólástig er stór hluti af starfi elstu barnanna í leikskólanum. Okkar markmið er að undirbúa þau eins og best verður á kosið fyrir lestrarnám til framtíðar.

Fjölbreytt leikefni. Lögð er áhersla á fjölbreytt leikefni sem æfa bókstafi, tölur og röðun hluta, ýmiskonar spil sem m.a. hvertja til frásagnar atburða í réttri tímaröð, samstæðuspil og hugtakaspil.

## Stefnuþættir leikskóla LFA / Fossakots og Korpukots

Svona vinnum við að og framkvæmum eftirfarandi stefnuþætti:

- Fer fram nám sem leggur öflugan grunn að þróun bernskulæsi?

Sögur, rímur, tónlist, atkvæði orða. Allir þessir þættir efla málvitund barna á öllum aldri. Börn eru hvött til framsagnar á eldri deildum sem og yngir. Flestar stundir eru notaðar til málörvunar á einn eða annan hátt.

- Er barnið í brennidepli og unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði?

Vel er fylgst með þroska hvers barns og komið til móts við þarfi og áhugasvið hvers aldursbils fyrir sig. Þess er gætt að val á efnivið henti aldri og þroska barnanna.

- Er markvisst unnið að því að vekja áhuga barna á máli og litið er á tungumálið sem skapandi efnivið?

Markvisst er unnið að því að vekja áhuga barnanna á máli með bullusögum, hljóðamyndunum. Unnið er með hrinjanda tungumálsins og líkamshreyfingar tengdar hljóðum.

- Er lögð áhersla á fjölbreytta vinnu með alla þætti máls?

Í dagskipulagi deilda korpukots er gott rými fyrir alla þætti máls og málnotkunar. Starfsfólk er meðvitað um að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem gefast til að efla málvitund.

- Hafa börn gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efnivið, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkunnáttu, mál og læsi?

Börn hafa gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efnivið þ.e. skriffæri, blöð og litir.

- Eru lesnar barnabækur um fjölbreytt efni til yndis og ánægju og til að efla mál og læsi?

Lesið er daglega fyrir börn í stærri og minni hópum og fyrir eitt og eitt barn í einu þegar því verður við komið eða þörf krefur

- Er litið á söngva, vísur og þulur sem mikilvægan efnivið í leikskólastarfi, meðal annars með tilliti til málörvunar og læsis?

Leitast er við að hafa sem fjölbreyttast. Textar, rým fjölbreytta tónlist. Börnin eru hvött til að búa til sögur í kring um myndir og segja frá myndum sem þau sjálf hafa skapað.

## Lesið í leik – Læsisstefna leikskóla LFA

---

- Eru sögur og kveðskapur uppspretta sköpunar í leik sem eflir mál og læsi?

Í sögustundum eru notaðar fjölbreyttar aðferðir við lestur bóka. M.a. spyr kennari börnin út í innihald sögunnar, börnin fá að segja söguna með myndirnar til tilsjónar, fjallað er um rithöfund bókarinnar, myndskreyti og fl.

- Er markvisst unnið að því að kenna í slensku með annað mál í leik með virkri þátttöku tvítyngdra barna í leikskólastarfinu, um leið og leitað er leiða til að styðja við og efla móðurmál þeirra í samstarfi við foreldra?

Í Korpukoti hefur ekki verið stór hópur tvítyngdra barna

- Er fylgst með framförum barna í málþroska og læsi?

Skólastjórnendur hafa sótt sér réttindi á TRAS listann sem er skimunarlisti fyrir málþroska ungra barna

- Er beitt snemmtækri íhutun og leitað eftir stuðningu sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska?

Gripið er til snemmtæktrar íhlutunar og leitað eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska

- Eru foreldrar virkjaðir í samstarf um mál og læsi barna sinna og upplýstir um framfarir þeirra?

Í foreldraviðtölum er málþroski barna sérstaklega ræddur. Þá er talað um málskilning, framburð og mikilvægi þess að foreldrar lesi fyrir börn sín daglega.

- Er stuðlað að samstarfi við grunnskóla og frístundastarf þannig að börn upplifi samfellu í námi?

Korpukot er ekki hverfisleikskóli og hefur því ekki kost á slíku samstarfi.

### Að lokum

Hafa ber í huga að öll börn í leikskóla eru á leið til læsis. En þau fara mishratt og ná mislangt áleiðis áður en þau yfirgefa leikskólann sinn og hefja nám á nýju skólastigi.